

Talmeinafræðingar hjá ríki og sveitarfélögum

2017

1

Saga

- **Þingsályktun um málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun.**
 - **141. löggjafarþing 2012–2013.** *Samþykkt á Alþingi 24. janúar 2013.*
 - Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að endurskoða málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun með markvissri aðgerðaáætlun í samræmi við niðurstöður skýrslu um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun. Endurskoðunin skal unnin í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

2

Aðkoma Sambandsins

- Samkomulagi milli velferðarráðuneytis og sambandsins frá júní 2014 sem ákvarðar skýrar en áður um verka- og ábyrgðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.
- M.a. út frá:
 - alvarleika tal- og/eða málmeina
 - lögbundnum skyldum sveitarfélaga um greiningu og ráðgjöf annars vegar og skyldum ríkisins varðandi meðferðarþáttinn hins vegar
 - Sveitarfélög viðurkenna einnig skýrar ábyrgð sína og verksvið. Verkefni sumra sveitarfélaga aukast frá því sem var, önnur höfðu áður sinnt þessu vel.

3

- Með rammasamningi milli SÍ og sveitarfélaga eða stofnana þeirra frá 2015 má segja að næsta mikilvæga skref hafi verið stigið til þess að auka gæði þjónustunnar.
- Með samningnum geta sveitarfélög tekið að sér að sinna einnig meðferðarþætti ríkisins og fá til þess fjármagn frá SÍ.
- Með þessu móti er greiningu, ráðgjöf og meðferð sinnt á einum vettvangi og í nærumhverfi barnsins.
- Vandí hefur verið að hrinda rammasamningnum í framkvæmd, þar sem sveitarfélög vilja ráða talmeinafræðinga sem launþega, en þeir sækja í verktöku á vegum SÍ.

4

- Samkomulagið frá 2014 og rammisamningurinn frá 2015 eru framfaraskref í þjónustu við börn sem glíma við tal- og málþroskavanda.
- Með honum var betur skýrð ábyrgð og verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga, svo foreldrum verður síður vísað milli aðila sem vísa ábyrgðinni frá sér á víxl.
- Mun fleiri börn hafa fengið talmeinaþjónustu.

5

Tölur um fjölda barna

- Fjöldi barna sem fá talmeinaþjónustu frá ríkinu hefur tífaldast frá árinu 2008. Árið 2008 fengu 119 börn meðferð vegna tal- og málþroskaröskunar, en árið 2016 voru þau orðin 1200.

2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
119	155	176	240	493	618	716	969	1.200

- Meðaltal meðferðartíma pr. barn voru 10,6 árið 2008. Árið 2016 var meðaltalið nær óbreytt, 10,7 tímar sem komu í hlut hvers barns.

6

Vankantar

- Því miður eru enn vankantar á þjónustunni sem mikilvægt er að sníða af. Má þar nefna m.a.:
- Foreldrar sem sækja greiningu og meðferð þurfa að flytja börn, oftast úr skólaumhverfi á stofu talmeinafræðings. Stundum fá foreldrar greiddan ferðastyrk en ekki alltaf.
- Skort á faglegri eftirfylgd inn í leik- og grunnskóla og til foreldra með þeim börnum sem fá þjónustu frá heilbrigðiskerfinu.
 - Vegna ágreinings um kostnað hefur þjónustan tilhneigingu til ósveigjanleika. Það lítur út fyrir að öll börn fái sama tímamagn, 10 meðferðartíma.
 - Ekkert af úthlutuðu tímamagni nýtist til að miðla þekkingu um barnið, byggða á greiningu talmeinafræðings, inn í hið daglega málumhverfi barnsins, skólaumhverfið.

7

Óhagræði

- Óhagræði liggur í skorti á samnýtingu á tímum talmeinafræðinga
 - Ekkert af tímum barns er nýtt til miðlunar til stofnana
- Óhagræði liggur einnig í að sérþekking á vanda barnsins er haldið utan stofnunar, nýtist ekki í daglegu málumhverfi barns í skólastofnunum
- Óhagræði liggur einnig í vannýtingu hins faglega teymis sérkennslunnar innan skólanna

8

Hvað er til ráða?

- Mikilvægt er að þekking talmeinafræðinga um hvert og eitt barn nýtist í daglegu málumhverfi barnsins, þ.e. inn á leik- eða grunnskóla barnsins.
- Mikilvægt er að efla faglegt sérkennsluteymi í hverjum og einum skóla til að geta brugðist við fjölgun barna með mál- og talmein og unnið úr upplýsingum um einstaklinga sem glíma við mál- og talmein.
- Auka þarf endurmenntun kennara og starfsfólks leik- og grunnskóla um málþroska og frávík frá venjulegi ferli.
- Gera þarf rannsókn á hvort málþroski barna á Íslandi sé að breytast með breytingum á samskiptum í samfélagi nútímans.

9

Nýjar leiðir

- Samhæfa þjónustu
- Þjónusta stýrt af sveitarfélaginu
- Hægt að launþegavæða þjónustu
- Einnig að blanda saman verktakaþjónustu og þjónustu launþega

10

Tilraunasveitarfélag – um afmarkaðann hluta heilbrigðisþjónustu

- Gera samning við ríki um að sveitarfélag yfirtaka þjónustu
- Samningur með fastri árlegri fjárhæð, reiknuð út frá hlutfalli stærðar sveitarfélags og hluti barna af heildarfjölda barna með málþroskavanda
- Eða samningur með fjárhæð byggð á fjölda einstaklinga sem þegið hafi þjónustu árið á undan
- Tilraunasveitarfélagið gegnir hlutverki Sjúkratrygginga Íslands og því snúa foreldrar og talmeinafræðingar sér til sveitarfélags
- Talmeinafræðingur gerir samning við sveitarfélag

11

Hagræðing ríkisins og kostnaðarauki sveitarfélags

- Hægt er að gera samning sem skilar ríkinu hagræðingu
- Hægt er að gera samning sem skilar sveitarfélaginu hagræðingu til að auka gæði þjónustu
- Samningur um yfirtöku verkefna SÍ á skyldum ríkisins um heilbrigðisþjónustu skilar aukinni þjónustu, hærra þjónustustigi til foreldra og barnanna sjálfra.
- Fullhannað rekstrarmódel liggur ekki fyrir en með samningi má vænta að öll ábyrgð á málaflokknum færist yfir til sveitarfélags. Það getur falið í sér kostnaðarauka þegar til lengdar lætur.

12